



Félagið Matur-saga-menning efnir til sýningar um mat og mataræði Reykvíkinga á 20 öld. Sýningin ber nafnið *Reykvíska eldhúsið - matur og mannlíf í hundrað ár*.

Sýningin opnar formlega föstudaginn 26. september næstkomandi í Aðalstræti 10, elsta húsi Reykjavíkur og í hjarta miðbæjarins. Markmið sýningarinnar er að bjóða Reykvíkingum og öðrum gestum að fræðast, njóta og bragða á lítt þekktri matarsögu höfuðborgarinnar. Miðstöð munnlegrar sögu efndi til söfnunarátaks þar sem munnlegum heimildum var sérstaklega safnað fyrir sýninguna.

Framkvæmdastjóri sýningarinnar er Sólveig Ólafsdóttir og sýningarhönnuður er Ólafur Engilbertsson. Ýmsir viðburðir munu tengjast sýningunni og má þar sérstaklega nefna þematengdar leiðsagnir þar sem gælt verður við bragðlauka gesta. Ennig ber að geta ráðstefnunnar *Af hlaðborði aldarinnar - Áfangar og áræðni í íslenskri matarmenningu* sem fer fram í Iðnó, laugardaginn 27. september 2008, frá 14.00-17.00. Er hún haldin í samstarfi við Sagnfræðingafélag Íslands og Reykjavíkur Akademiuna. Að ráðstefnunni lokinni verður efnt til hátíðarkvöldverðar í gömlum anda.

### **Reykvíska eldhúsið**

Matur og mannlíf í hundrað ár

Sýningin er í Aðalstræti 10  
og verður opin  
frá 26. september – 23. nóvember 2008.

Opnunartími er frá 9-18.  
Á fimmtudagskvöldum er opið til kl. 22.  
Laugardaga og sunnudaga er opið frá 12 - 17.  
Leiðsögn um sýninguna verður  
á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Nánari upplýsingar gefur Sólveig Ólafsdóttir, [solveig@simnet.is](mailto:solveig@simnet.is), s. 8921215.